




Héraðsskjalasafn Árnesinga



ÁRSSKÝRSLA 2016
Héraðsskjalasafn Árnesinga

Annáll 2016

Eftirlit, ráðgjöf og miðlun voru í öndvegi á árinu 2016 þegar titið er til starfsemi Héraðsskjalasafns Árnesinga. Mikilvæg skref voru stigin til að tryggja að héraðsskjalasafnið uppfylli þær kröfur sem lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og væntanleg reglugerð um héraðsskjalasöfn hefur í för með sér hvað varðar eftirlits- og ráðgjafahlutverk opinberra skjalasafna með skilaskyldum aðilum, aðgengi að skjölum, skráningu og miðlun á safnkosti.

Aldrei hefur jafn miklum tíma verið varið í eftirlit og ráðgjöf með skilaskyldum aðilum. Fyrsta rafræna könnunin á skjalavörslu og skjalahaldi skilaskyldra stofnanna á sveitarstjórnarstiginu í Árnessýslu var send út. Stigin voru ný skref varðandi miðlun safnkosts þegar fundargerðabækur sveitarfélaga og félagsblöð ungmennafélaga voru látin á vef héraðsskjalasafnsins auk þess sem ljósmyndavefurinn tók miklum breytingum. Hefðbundin starfsemi s.s. afgreiðsla fyrirspurna, erinda, skráning skjala og veitt aðgengi að skjölum á lestrarsal var einnig með mesta móti.

Stjórn og starfsmenn

Stjórn héraðsskjalasafnsins er skipuð af Héraðsnefnd Árnesinga bs. Stjórnina skipuðu Sveinn S. Steinarsson formaður, Sveitarfélaginu Ölfusi, Kjartan Björnsson varaformaður, Sveitarfélaginu Árborg og Svanhvít Hermannsdóttir ritari, Flóahreppi.

Stöðugildi við héraðsskjalasafnið voru þrjú. Héraðsskjalavörður og skjalavörður í fullu starfi voru Þorsteinn Tryggvi Músson og Sævar Logi Ólafsson. Aðrir starfsmenn í sérverkefnum voru Guðmunda Ólafsdóttir og Jóhann Ólafur Sigurðsson.

Starfsemi og aðbúnaður

Starfsemi héraðsskjalasafnsins á árinu var að mestu með hefðbundnum hætti. Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 marka héraðsskjalasöfnunum ákveðna stefnu hvað varðar daglegan rekstur þeirra, s.s. móttöku skjala og eftirlit með skilaskyldum aðilum á sveitarstjórnarstiginu, móttöku einkaskjalasafna, aðgengi og aðgengistakmörkunum auk miðlunar á safnkostinum.

Allt frá árinu 2009 hafa upplýsingar sem snerta fyrirspurnir og erindi, útlán á lestrarsal, önnur not á safnkosti o.fl. verið teknar saman. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar varðandi söfnun þessara upplýsinga til að tryggja að héraðsskjalasafnið geti sinnt hlutverki sínu, bæði hvað varðar öryggisafritun mikilvægra skjala, söfnunarstefnu einkaskjalasafna, auk þess sem þessar upplýsingar hafa áhrif á almenna starfsemi, áherslur og framtíðarsýn. Þessar upplýsingar gefa góða mynd af þjónustuhlutverki héraðsskjalasafnsins sem stjórnsýslu- og menningarstofnunar gagnvart skilaskyldum aðilum á vegum ríkis og sveitarfélaga sem og gagnvart almenningi. Ýmis sérverkefni sem ráðist hefur verið í á undanförunum árum má með beinum hætti rekja til söfnunar á upplýsingum um notkun safnkosts o.s.frv. Í þessu sambandi má nefna miðlun safnkosts á vef, sýningar á vegum skjalasafnsins og innleiðingu staðla við skráningu.

Aðfangastefna héraðsskjalasafnsins markast fyrst og fremst af fyrirnefndum lögum um opinber skjalasöfn og reglugerð um héraðsskjalasöfn. Drög að nýrri reglugerð

© Héraðsskjalasafn Árnesinga 2017

Ritstjórn: Þorsteinn Tryggvi Músson.

Umbrot: Þorsteinn Tryggvi Músson.

Prófarkalestur: Jón M. Ivarsson.

Allar ljósmyndir eru teknar af starfsmönnum héraðsskjalasafnsins nema annað sé tekið fram.

Forsíðumynd er út safni Halldórs Þórðarsonar Litla-Fljóti í Biskupstungum. Ragnar Bragi Jóhannesson stendur á stórum steini á Biskupstungnafrétti. Hundurinn Glámur er með í för. Ljósmyndari líklega Halldór. 2013/73 HP 00009.

Baksiðumynd er úr safni Stefáns Valdimarssonar, Þorlákshöfn en Stefán ólst upp í Byggðarhorni. Ölfusárbrú, drengur og bíll frá MBF. Myndin líklega tekin 1946. 2012/54 SV_00148.

ISSN 2298 – 1020

kveða ekki á um skilaskyldu ýmissa aðila á héraðsskjalasöfnin og skilaskylda ýmissa félaga er því óljós, en sú hefð sem skapast hefur mun vonandi tryggja áframhaldandi skil á skjölum þessara félaga.

Ýmis sameiginleg verkefni héraðsskjalasafnanna hafa síðan haft áhrif á fjölda skjalasafna hinna ýmsu félaga og einstaklinga sem hafa verið afhent á undanförunum árum. Kynni og traust einstaklinga á héraðsskjalasafninu og starfsmönnum þess eru eftir sem áður sá þáttur sem ræður mestu þegar horft er til fjölda og umfangs afhendinga á skjalasafnið.

Í fjölda ára hefur gestabók legið frammi á lestrarsal héraðsskjalasafnsins en fjöldi þeirra sem rita nafn sitt í bókina hefur minnkað á undanförunum árum þrátt fyrir að fjöldi erinda og fyrirspurna hafi aukist. 826 rituðu nafn sitt í gestabókina á árinu. Fyrirspurnir og erindi, þ.m.t. lán á sal og afhendingar voru 828, en að meðaltali hafa fyrirspurnir og erindi verið 811 síðastliðin sex ár. Tæplega 20% þessara fyrirspurna voru frá sveitarfélögum eða stofnunum á þeirra vegum. Nú eru einnig teknar saman upplýsingar um fjölda askja sem eru notaðar á lestrarsal sem og fjöldi askja sem eru notaðar vegna fyrirspurna og erinda og nú er hægt að rekja notkun skjala með mun nákvæmari hætti en áður. Það er mikilvægt öryggisatriði um leið og það segir til um hvaða afhendingar og skjalaflokkar eru helst notaðir. Það vekur einnig athygli að karlar nýta skjalasafnið í mun meira mæli en konur en um 75% notenda eru karlar en 25% konur.

Afhendingar á síðasta ári voru 97 og hafa aðeins einu sinni áður verið fleiri. Árið 2015 voru þær 92, 60 árið 2014, 82 árið 2013, og 79 árið 2012. Þessi fjöldi afhendinga virðist ekki taka miklum breytingum á milli ára ef undan er skilið árið 2014 þegar skjalageymslur safnsins voru fullar. Lán á sal voru 98, alls 236 skjalaöskjur en fjöldi arka meiri. Beinar fyrirspurnir og erindi sem kölluðu á afgreiðslu voru 316 auk 242 vegna ljósmynda, þ.m.t. aðstoð vegna skráningar á ljósmyndum. Kirkjubækur voru notaðar í 63 skipti vegna ættfræði- og byggðasögurannsókna. Þjónustuhlutverk héraðsskjalasafnsins verður stöðugt veigameira og mikilvægt að reyna að tryggja að almenningur og sveitarfélög geti haft aðgang að safnkostinum óháð opnunartíma skjalasafnsins t.d. með því að gera ákveðnar heimildir aðgengilegar á vef. Eins og undanfarin ár var nokkuð um millisafnalán vegna rannsókna í héraði auk lána á skjölum til stofnana og skjalamyndara.

Tekið er á móti fyrirspurnum og erindum og þeim svarað alla daga á vinnutíma starfsmanna. Skjalasafnið var lokað vegna sumarleyfa í tvær vikur.

Skráningu afhendinga sem bárust á árinu 2016 var sinnt jafnóðum. Alls bárust 97 afhendingar, eins og áður sagði, samtals 55,01 hillumetrar. Skilaskyldir aðilar afhentu 33,36 hillumetra en einkaskjöl voru 21,65 hillumetrar. Árið 2015 voru afhentir 58,79 hillumetrar. Bæði þessi ár er fjöldi hillumetra nokkru meiri en gert var ráð fyrir, eða um 12-15% meiri, og ætla má að fjöldi hillumetra á næstu árum verði nær því að vera 60 metrar á ári. Á undanförunum árum hafa starfsmenn skjalasafnsins reynt að skapa ákveðna festu þegar horft er til afhendinga skilaskyldra aðila þar sem

farið hefur verið yfir hvað skal afhenda, ástand skjala o.fl. áður en þau eru sótt eða send á skjalasafnið. Þetta er ekki síður mikilvægt þegar horft er til annarra verkefna sem falla á borð starfsmanna. Á næstu fimm árum má reikna með því að búið verði að festa í sessi áætlanir um afhendingu á skjölum flestra skilaskyldra aðila.

Skráningu á eldri afhendingum var haldið áfram í samræmi við staðla alþjóða skjalaráðsins ICA, þ.e. ISAD-G og ISAAR. Skjalaskrá og greinargerð með upplýsingum um skjalamyndara, aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara o.fl. eru síðan aðgengilegar á lestrarsal. Hugmyndavinnu við að gera greinargerðir og skjalaskrár aðgengilegar á vefsíðu héraðsskjalasafnsins var haldið áfram, en margt ber að hafa í huga s.s. persónuverndarsjónarmið, form skráa, leit í skrá og leit þvert á skrár. Þá þarf utanumhald að vera einfalt og mögulegar breytingar og tengingar á milli skjalamyndara og afhendinga að vera með þeim hætti að upplýsingar sem settar eru fram á vef séu áreiðanlegar. Á meðan allur safnkostur héraðsskjalasafnsins er ekki skráður í samræmi við staðla eða aðgengilegur á vefsíðu skjalasafnsins þarf að leita til starfsmanna þess þegar spurst er fyrir um skjöl. Þekking starfsmanna á safnkostinum, á innra samhengi afhendinga o.s.frv. hefur óhjákvæmilega áhrif á með hvaða hætti hægt er að svara fyrirspurnum og erindum sem safninu berast. Leitast er við að tryggja að þessi þekking rati inn í verkferla og að henni sé miðlað með þeim hætti að sem flestir notendur skjalasafnsins geti verið sjálfbjarga.

Nú er búið að skrá skjöl frá 2005 til 2016 samkvæmt stöðlum. Opinber skjöl á þessu tímabili eru alls 250,69 og einkaskjalasöfn 199,55 hillumetrar, samtals 450,24 hillumetrar. Aðfanganúmer eru 971, 64 afhendingar þar fyrir utan hafa fengið aðfanganúmer 1010, 1011 o.s.frv. en þessar afhendingar rötudu ekki inn í aðfangabók á árunum fyrir 2009. Skipulega færð aðfangabók vönduð skjalaskráning og endurskráning eldri afhendinga er lykill að því að gera skjalasafnið betur aðgengilegt og þessari vinnu var og verður haldið áfram samhliða skráningu á þeim skjölum sem berast á hverju ári. Það er ekki hægt að setja tímamörk á þetta verkefni en



Móttaka, flokkun og skráning á stórum skjalafhendingum batnaði til muna þegar aðstaðan í Háheiði var tekin í notkun. Nú er hægt að taka á móti skjölum á vörubrettum og öll vinna við skráningu verður einfaldari og markvissari. Nú er jöfnum höndum tekið við afhendingum bæði á Austurvegi og í Háheiði.

Sundhöll Selfoss eru gerð skil á þremur söguskiltum sem eru við inngang sundhallarinnar. Skiltin eru hluti af samvinnuverkefni Sveitarfélagsins Árborgar og héraðsskjalasafnsins. Söguskilti er að finna víða á Selfossi, á Eyrbakka og Stokkseyri.



ávinningurinn af því er margþættur, fyllra yfirlit fæst yfir safnkostinn, fjöldi afhendinga verður ljós, ástand skjala einnig m.t.t. forvörslu o.s.frv. auk þess sem öll leit verður einfaldari. Dæmi eru um að eitt og sama afhendingarnúmer hafi verið notað á afhendingar mismunandi skjalamyndara, en það samræmist ekki þeim kröfum sem settar eru fram í fyrrnefndum stöðlum. Skráning skjalasafna og greinargerða var að mestu í höndum Sævars Loga Ólafssonar skjalavardar.

Langtímavarðveisla rafrænna skjala í stjórnsýslunni er enn skammt á veg komin, en umræður um fyrirkomulag, kostnað, tæknilegar útfærslur o.fl. verða sífellt fyrirferðameiri á fundum, málstofum og ráðstefnum skjalavarda og sýnist sitt hverjum. Aðgengi, áreiðanleiki, kostnaður, leitarbærni og skráning eru lykillugtök í allri áætlanagerð þegar horft er til langtímavarðveislur rafrænna gagna. Það verður að vera hægt að setja fram kostnaðargreiningu sem tekur bæði mið af kostnaði skjalamyndara við gerð vörsluútgáfa og þess kostnaðar sem fellur á vörsluaðila þegar kemur að því að viðhalda hinum rafrænu skrá. Aðgengi og leitarbærni í gagnagrunnum og öðrum rafrænum afhendingum lýtur öðrum reglum en leit og aðgengi að skjalasöfnum á pappír og þó svo að flest skjöl verði til á rafrænu formi er ekki þar með sagt að þau séu best geymd á því formi til langframa. Þurfa skjöl undirritunar við eða þarf að stimpla



Skjalageymsla, skjalasetur héraðsskjalasafnsins að Háheiði. Í Háheiði eru er hægt að taka við um 500 hillumetrum af skjölum.

skjöl með lögformlegum hætti til að þau öðlist gildi?, hagkvæmni stærðarinnar þegar kemur að útprentun eða gerð vörsluútgáfa o.s.frv. eru allt þættir sem hafa áhrif á sönnunarfærslu, áreiðanleika, gildi og kostnað. Nútímaskjalavarsla krefst þess að þeir sem að henni koma séu meðvitaðir um tilgang hennar, mikilvægi og þýðingu fyrir samfélagið í heild, réttaröryggi borgara o.fl. Þetta verkefni þarf að nálgast af skynsemi og í samræmi við þær fjárheimildir sem ríki og sveitarfélög setja í málaflokkinn.

Þorsteinn Tryggvi og Sævar Logi tóku þátt í starfi Félags héraðsskjalavarda á Íslandi. Hlutverk félagsins frá upphafi hefur verið að styðja við héraðsskjalasöfnin og starfsmenn þeirra og bæta enn frekar fagþekkingu starfsmanna. Sjötta ráðstefna félagsins var að þessu sinni haldin í Mosfellsbæ auk þess sem nokkrir fundir voru haldnir þar sem rætt var um eftirlit með skjalamyndurum, skráningu skjala og frágangi. Þá voru skjalasöfnin á Akranesi, í Borgarnesi, Mosfellsbæ og Kópavogi heimsótt.

Vefsíða Félags héraðsskjalavarda var endurnýjuð á árinu og kynnt á ráðstefnunni en vinna við síðuna var í höndum Þorsteins Tryggva, Hrafn Sveinbjarnarsonar héraðsskjalavarda í Kópavogi og Símonar Hjalta Sverrissonar margmiðlunarfræðings á Héraðsskjalasafni Kópavogs. Þorsteinn og Hrafn eru ritstjórar vefsíðunnar og er rekstur hennar kostaður af Héraðsskjalasöfnunum í Árnessýslu og Kópavogi.

Húsnæðismál héraðsskjalasafnsins tóku miklum breytingum haustið 2015 þegar fjargeymsla/skjalasetur í Háheiði var tekið í notkun. Endurskipulagningu í skjalageymslum að Austurvegi sem hófst 2011 tókst vel og fyrsta áfanga þeirrar endurskipulagningar lauk 2015. Annar áfangi þar sem skjöl einkaaðila voru flutt í nýtt húsnæði héraðsskjalasafnsins í Háheiði hefur gengið vel og nú er svo komið að um

300 hillumetrar af skjölum eru varðveittir þar. Samhliða þessum flutningum áttu sér stað miklir flutningar innanhúss á Austurvegi til að nýta sem best skjalageymslurnar þar. Vinnuaðstaða í Háheiði hefur einnig nýst vel þar sem hægt er að taka við stórum afhendingum, varðveita afhendingar á vörubrettum á meðan verið er að skrá afhendingar o.s.frv. Þær breytingar sem gerðar voru á vinnuádstöðu að Austurvegi voru til mikilla bóta og óhætt að segja að vel hafi tekist til og starfsumhverfi sé á allan hátt betra en áður. Um leið er ljóst að huga þarf að frekari stækkun á húsnæði skjalasafnsins á næstu árum, bæði vinnuádstöðu og geymslum. Miðað við fjölda hillumetra sem skjalasafninu berast verða skjalageymslur fullar á næstu fimm árum.

Eftirlit og ráðgjöf

Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 kveða á um eftirlitsskyldu opinberra skjalasafna með skilaskyldum aðilum. Eftirlitsskyldan felur á sama tíma í sér að skjalasöfn sinni ákveðnu ráðgjafarhlutverki til að tryggja að skjalavarsla hins opinbera standist kröfur stjórnsýslunnar sjálfrar, að embættisfærslur séu rekjanlegar, gegnsæi í stjórnsýslunni sé til staðar og skjalavarslan í samræmi við lög. Eftirlit og ráðgjöf með skjalavörslu á sveitarstjórnarstigunni er án efa eitt af mikilvægustu hlutverkum héraðsskjalasafnsins. Mikið hefur áunnist á undanförunum árum og þau verkefni sem eru framundan eru bæði tímafrek og krefjast góðrar samvinnu milli starfsmanna sveitarfélaga, undirstofnana þeirra og skjalasafnsins.

Um mitt ár 2016 var 67 eftirlitsskyldum stofnunum send rafræn könnun á skjalahaldi og skjalavörslu. Er þetta fyrsta könnunin af þessu tagi sem send er út á opinbera skjalamyndara á sveitarstjórnarstigunni í Árnessýslu. Könnunin var send á sveitarstjórnarskrifstofur, ýmis svið sveitarfélaga, grunn- og leikskóla, veitustofnanir, skipulags- og byggingafulltrúa, bókasöfn, ýmsar stofnanir sem reknar eru af tveimur eða fleiri sveitarfélögum, sjálfseignarstofnanir í eigu sveitarfélaga o.s.frv. Spurningarnar voru unnar upp úr gátlista sem starfshópur á vegum Félags héraðsskjalavarda á Íslandi vann, auk þess sem stuðst var við lög, reglugerðir og handbók um skjalavörslu sveitarfélaga. Leitað var svara við 61 spurningu. 35 stofnanir, þ.e. 52% svöruðu könnuninni. Niðurstöður könnunarinnar voru í samræmi við óformlegar eftirlitsheimsóknir og fundi sem starfsmenn skjalasafnsins hafa átt með forstöðumönnum og starfsmönnum stofnana sveitarfélaga á undanförunum árum. Það virðist ekki vera merkjanleg fylgni milli þess hvort stofnanir skili skjölum reglulega á héraðsskjalasafnið, fjölda eftirlitsheimsókna og þess hvort viðkomandi forstöðumenn svari eftirlitskönnuninni. Í bréfi sem fylgdi könnuninni var vísað til laga um opinber skjalasöfn, sveitarstjórnarlaga og góðra stjórnsýsluhátta og áréttað að könnuninni væri svarað. Það er óþarft að fjölyrða um af hverju fleiri aðilar svari ekki könnuninni en ljóst að bætt skjalahald og skjalavarsla á sveitarstjórnarstigunni er samvinnuverkefni skjalamyndara og starfsmanna héraðsskjalasafnsins. Þarna er um að ræða ákveðna samfellu hvað varðar embættisfærslu, málsmeðferð og þjónustu til íbúa, opinberra aðila og alla þá sem sækja þurfa þjónustu til sveitarfélaga. Sú staðreynd að skjalasafnið hefur þegar

KONUR Í HREPPSNEFNDUM ÁRNESSÝSLU

Þrátt fyrir að konur hafi ólík kjörgengi til sveitastjórna árið 1909 þá var það ekki fyrr en árið 1958 sem fyrsta konan tók sæti í hreppnefnd í Árnessýslu. Það að kona ætti sæti í sveitarstjórn varð þó ekki almennt í sjálfari fyrri en í kóningsárum 1982.

Fyrstu konur kosnar sem aðalmenn í sveitarstjórnir í Árnessýslu

- Linnur Þorgeirsdóttir, Selkissahreppi 1958
- Guðbjörg Arndal, Grimneshreppi 1970
- Högunnur Björnsdóttir, Hveragerðahreppi 1970
- Vágnður Sveinsson, Eyrarbakkaahreppi 1970
- Guðrún Jóhannsdóttir, Gaulverjabajarhreppi 1982
- Kristín Níelmsdóttir, Öflunahreppi 1982
- Rósa Haraldsdóttir, Hraungerðahreppi 1982
- Margrét Friðrikssdóttir, Stokkseyrarhreppi 1982
- Bjarnheiður Guðmundsdóttir, Grúpvjarahreppi 1982
- Hródrýr Sigurðardóttir, Húsnámsahreppi 1982
- Þuríður Sigurðardóttir, Bakkeplunahreppi 1982
- Guðrún Hjáltefssdóttir, Kálafellahreppi 1988
- Ingbjörg Sæviðsdóttir, Þrengslahreppi 1990
- Margrét Sigurðardóttir, Grábruggahreppi 1990
- Marta Hauksdóttir, Selkissahreppi 1990
- Berglind Þorgeirsdóttir, Skálafellahreppi 1994
- Ella Pétursdóttir, Laugavegahreppi 1994

Í mörgum hreppum höfðu konur áður komið inn sem vararamen og jafnvel tekið sæti aðalmanna á meðu kjörtímabili. Dæmi um það er Anna Valdimarsdóttir hafði árið 1973 tekið sæti aðalmanns í hreppnefnd Sandvíkurhrepps eftir að hafa komið inn sem vararamen. Einnig höfðu þrjár konur komið inn sem vararamen í hreppnefnd Hveragerðis á árunum 1964-1968. Það voru þær Líney Kristinsdóttir, Elín Guðjónsdóttir og Sigurlaug Guðmundsdóttir.

Linnur Þorgeirsdóttir var fyrsta konan til að taka sæti í sveitarstjórn í Árnessýslu. Hér líta þau framfarirnar í hreppnefnd Selkissar árið 1958-1961. Hér hafa önnur kjörtímabili, vegna flutnings úr sveitarfélögum.

Í sveitarstjórnarstjórnunum 1962 var Arndal Þorbjarnsdóttir konur í sveitarstjórn Selkissahrepps fyrir Samvinnuáttum og eða þá var hún ein af Linnu Arndal sat í sveitarstjórn þrjú kjörtímabili og festi í sæti stöðu kvenna í sveitarstjórn Selkissahrepps.

Eftir sveitarstjórnarkosningar 2014 voru konur í meiriháttu í þremur sveitarfélögum í sýslunni. Í Fíðlahreppi eru fjórir af fimm kjörtímum konur og í Bakkeplunahreppi og Hraungerðahreppi eru fjórir konur af sex konum.

Eitt af spjöldunum á 30 ára afmællisýningu héraðsskjalasafnsins Konur á vettvangi karla sem var í Listagjánni í Ráðhúsi Árborgar í nóvember 2015. Sýningin var sett upp í Húsinu á Eyrarbakka fyrir páska 2016 og vakti mikla athygli. Guðmunda Ólafsdóttir og Þorsteinn Tryggvi settu saman texta, Gunnar Marel Hinriksson hannaði spjöldin.

Heimasíða héraðsskjalasafnsins, myndasetur.is. Á heimasíðunni er að finna allar helstu upplýsingar um hlutverk og starfsemi skjalasafnsins, verkefni sem skjalasafnið kemur að og aðgengi að bæði ljósmyndum og öðrum safnkosti sem miðlað er á netinu.



móttekið skjöl sem eru frá árinu 2015 staðfestir að þessi samfella í allri þjónustu er rétt handan við hornið og héraðsskjalasafnið orðið hluti af sveitarstjórnarskrifstofunum. Þetta tryggir um leið að skráning og frágangur á þessum skjölum er allt frá myndun skjalanna í samræmi við staðla þar sem bæði er tekið tillit til leitarbærni, aðgangs- og öryggissjónarmiða.

Starfsmenn tóku þátt í fjölda funda með starfsmönnum skilaskyldra aðila þar sem farið var yfir fyrirkomulag skjalahalds, skjalavörslu og lagðar línur um áframhaldandi samstarf. Þá hafa skilaskyldir aðilar verið aðstoðaðir með ýmsum hætti þegar kemur að afhendingu skjala. Í langflestum tilfellum hafa starfsmenn skjalasafnsins náð í skjölin, skráð, flokkað og gengið frá þeim í geymslur. Þessa vinnu greiða sveitarfélögin sérstaklega fyrir og þetta fyrir komulag styrkir sambandið á milli hina skilaskyldu aðila og héraðsskjalasafnsins og mun vafalítið einfalda eftirlit með skjalavörslu og skjalahaldi sveitarfélaganna. Málalyklar voru endurnýjaðir hjá fjórum sveitarfélögum.

Skjalavistunaráætlun og málalykill fyrir Vallaskóla var samþykktur, en í nokkur ár hefur staðið yfir tilraunaverkefni þar sem kennarar og stjórnendur skólans hafa notað skjalavistunaráætlun og málalykil sem unnin var af samstarfshópi sem í voru starfsmenn skólans og skjalasafnsins. Þessi vinna var kynnt fyrir skólastjórnendum annarra skóla og verður þeirri vinnu haldið áfram.

Miðlun

Stór skref voru stigin á árinu þegar kemur að miðlun á safnkosti, en opinberum skjalasöfnum ber að miðla upplýsingum um þjóðarsöguna skv. lögum um opinber skjalasöfn. Héraðsskjalasafnið gerir þetta m.a. með birtingu ljósmynda og skjala á vefsíðunni *myndasetur.is* auk þess að standa fyrir og taka þátt í ýmsum sýningum.



Félagssblöð ungmennafélaga voru ljósmyndað á árinu og nokkur hluti þeirra birtur á vefsíðunni myndasetur.is. Vinna við frekari birtingu á félagssblöðum og öðrum skjölum úr safnkostinum mun að öllum líkindum taka miklum breytingum til batnaðar á næstu árum.

Vefsíðan sem opnaði formlega árið 2013 hefur gerbreytt ásýnd skjalasafnsins út á við. Vefurinn er fyrir löngu orðinn almenningseign þrátt fyrir að litlu hafi verið kostað til kynningar á vefnum. Fjöldi flettinga á ljósmyndavef skjalasafnsins hleypur á milljónum. Þá hefur notkun samfélagsmiðla s.s. Facebook nýst vel til kynningar á starfsemi skjalasafnsins. Ljósmyndir af óþekktum einstaklingum, sveitabæjum o.fl. hafa verið birtar með góðum árangri á Facebook og safninu borist ómetanlegar upplýsingar um einstaklinga, viðburði o.fl. Notkun samfélagsmiðla með þessum hætti hefur aukið enn frekar á vinsældir ljósmyndavefsins og okkur til mikillar ánægju hefur almenningur verið duglegur við að deila ljósmyndum af vef safnsins.

Þrátt fyrir að ljósmyndaverkefni þriggja héraðsskjalasafna hafi lokið formlega árið 2015, sér ekki fyrir endann á því verkefni. Héraðsskjalasafninu berast enn ljósmyndaafhendingar og var ljósmyndasafn Ljósmyndastofu Suðurlands afhent á safnið á árinu. Fjöldi mynda er ekki ljós en hleypur á tugum þúsunda. Það er mikill fengur að þessu safni þar sem portrait myndir af Sunnlendingum allt frá því um 1970 er að finna. Enn á eftir að skanna, skrá og ganga frá miklum fjölda mynda og heldur sú vinna áfram. Héraðsnefnd Rangæinga styrkti skönnun, skráningu og miðlun á ljósmyndasafni Ottós Eyfjörð þriðja árið í röð og miðar þeirri vinnu vel. Eins og á undanförunum árum komu margir að því að aðstoða við skráningu á ljósmyndum. Tómasi Jónssyni ber sérstaklega að þakka en hann hefur nú frá 2011 unnið sleitulaust að því að skrá ljósmyndasafn sitt af mikilli nákvæmni. Sveitarfélagið Árborg styrkti ljósmyndaverkefnið sérstaklega eins og það hefur gert allt frá upphafi þess árið 2011.

Ný vefsíða leit dagsins ljós um mitt sumar 2016, lögð var áhersla á að bæta enn frekar upplýsingagjöf til almennings og skilaskyldra aðila um hlutverk safnsins, leiðbeiningar um skjalavörslu og fyrirkomulag afhendinga, auk þess sem ljósmynda-

Hlaðborð, sem hluti af matarmenningu landans var gerð skil á norræna skjaladeginum 2016. Hér sjást nemendur í Húsmæðraskólanum gæða sér á kökum af glæsilegu hlaðborði. Ekki er vitað hvenær myndin var tekin. Mynd úr safni Húsmæðraskóla Suðurlands, 2005_1_HS_00070, ljósmyndari óþekktur.



vefur skjalasafnsins tók miklum breytingum. Notendaviðmót var bætt til muna sem og leitarbærni. Ákveðin þróunarvinna til að bæta vefviðmótið, leitarbærni og hraða enn frekar eru nú hluti af þeim verkefnum sem sinnt er reglulega til að vefsíðan og leitarvél standist þær kröfur sem almenningur gerir.

Héraðsskjalasafnið fékk tvo verkefnastyrki frá Þjóðskjalasafni Íslands til miðlunar á fundargerðabókum sveitarfélaga og félagsblöðum ungmennafélaga. Þarna fetar héraðsskjalasafnið nýjar slóðir þar sem aðgengi almennings og stjórnvalda að ákveðnum skjölum er auðveldað. Reynsla og þekking starfsmanna varðandi skönnun, skráningu lýsigagna og rekstur á ljósmyndavef nýttist vel í þessi verkefni og var hluti bókana gerður aðgengilegur á árinu. Þessi verkefni eru ekki síður mikilvæg út frá ákveðnum öryggissjónarmiðum en þetta eru stjórnsýslulega mikilvæg skjöl sem nú er búið að afrita og gera aðgengileg á vef. Mikið verk er enn óunnið þegar kemur að miðlun gjörðabókanna og félagsblaðanna, en mikilvægt er að ljósmyndun, litgreining, skráning og tengingar á milli afhendinga fylgi kröfum og stöðlum þar um. Þarna er að vissu leyti verið að svara ákalli almennings um auðveldara aðgengi að skjölum en um leið ljóst að reynsla og þekking starfsmanna á innra samhengi skjalasafna getur ráðið miklu þegar verið er leita að upplýsingum í bæði opinberum og einkaskjalasöfnum. Aðgengi að skjölum á vef einfaldar vissulega aðgengi að skjalasöfnunum en lestrarsalir og þekking starfsmanna á safnkostinum munu eftir sem áður ráða mestu þegar horft er til aðgengis að skjölum.

Nokkuð bættist við af ljósmyndum á vef héraðsskjalasafnsins, sem eru nú rúmlega 100.000 auk gjörðabóka sveitarfélaga og félagsblaða ungmennafélaga. Búið er að skrá meira af ljósmyndum sem enn hafa ekki ratað á vef safnsins, en rúmlega 100.000



Myndum varpað á ráðhús Sveitarfélagsins Árborgar þar sem héraðsskjalasafnið er til húsa.

ljósmyndir eru enn óskráðar. Skönnun, skráning og miðlun ljósmynda mun á næstu árum vera unnin samhliða annarri skráningu og ítarskráningu á skjalasöfnum.

Héraðsskjalasafnið kemur einnig að ýmsum samstarfsverkefnum, s.s. einkaskjalasafn.is þar sem finna má skrár yfir mikinn fjölda einkaskjalasafna úr vörslu opinberra skjalasafna. 3.439 færslur frá héraðsskjalasafninu eru þarna inni.

Afmælisýning héraðsskjalasafnsins *Konur á vettvangi karla* sem opnaði í Listagjanni í október 2015 var sett upp í Húsinu á Eyrarbakka í samvinnu við Byggðasafn Árnesinga sem páskaýning Byggðasafnsins. Á sýningunni var sjónum beint að stjórnmaláþátttöku kvenna í Árnessýslu frá 1882 og fram á okkar daga, þar sem dæmi voru tekin af konum sem ýmist fengu eða fengu ekki kosningarétt sem og af fyrstu konunum í héraðinu sem létu til sín taka á vettvangi stjórn mála, bæði í sveitar- og landsmálapólitík.

Héraðsskjalasafnið tók ásamt Byggðasafni og Listasafni Árnesinga þátt í samstarfsverkefninu *Andar stadarins* frá 25. ágúst til 9. september. Verkefnið var mynd- og hjóðvörpun á á húsnæði safnanna þar sem danska listakonan Karen Thastum vann með eigin myndir og myndir af safnkosti á hverjum stað.

Venju samkvæmt tók héraðsskjalasafnið þátt í norræna skjaladeginum, en þema dagsins var Til hnifs og skeiðar. Umfjöllunarefni skjalasafnsins voru *Frá fjalli á fat* þar sem sauðfjárbúskapur og fjallferðir voru í brennidepli, *Hlaðborð* sem hluta af matarmenningu landans, en þar eins og annarsstaðar hefur tíska og tíðarandi áhrif á það sem gestir og gangandi gátu gætt sér á, og *Handskrifadur uppskriftabækur*, en fyrir tíma matarbloggara og aðkeyþra uppskriftabóka sáu húsmæður sjálfar um að útbúa sínar eigin matreiðslubækur.

Eldri borgarar á Selfossi voru heimsóttir nokkrum sinnum þar sem ljósmyndir úr vörslu safnsins og saga húsa á Selfossi var umfjöllunarefni og greiningarsýningar voru haldnar á Bókasafninu í Hveragerði þar sem gestum gafst kostur á að nafngreina einstaklinga á ljósmyndum. Fjöldi nafna barst sem bætti skráningu á ljósmyndum og það er mikilvægt að gera safnkostinn einnig aðgengilegan með þessum hætti.

Námskeið og fundir

28. apríl stóð Þjóðskjalasafn Íslands fyrir fundi héraðsskjalasafna og Þjóðskjalasafns Íslands í húsakynnum Þjóðskjalasafns. Þorsteinn Tryggvi fjallaði um tölfræði fyrir opinber skjalasöfn þar sem farið var yfir þær upplýsingar sem teknar eru saman af starfsmönnum héraðsskjalasafnsins, s.s. erindi, fyrirsurnir, lán á lestrarsal, millisafnalán, ljósmyndaverkefni o.fl. en hægt er að greina upplýsingarnar með ýmsum hætti til að glöggva sig á notkun safnkosts, meta nauðsyn þess að láta útbúa öryggisafrit af skjölum, skoða og bera saman notkun almennings og stjórnvalda og svo má lengi telja. Þorsteinn Tryggvi kynnti auk þess tillögu að tölfræðisöfnun sem tekur til söfnunar á ýmsum upplýsingum tengdum starfsmannafjölda, fjölda afhendinga og umfang afhendinga, eftirliti og ráðgjöf þar sem m.a. eru teknar saman upplýsingar um samþykka málalykla, skjalavistunaráætlanir, fjöldi eftirlitsheimsókna, námskeiða o.fl. Fjöldi gesta á lestrarsal, fjöldi afgreiddra skjalaeininga, millisafnalán, fjöldi gesta, innlita og flettinga á á eigin og sameiginlegum vefsíðum opinberra skjalasafna, sem og upplýsingar um rekstrarfé og sjálfsafnfé skjalasafnanna. Þá var fjallað um eftirlitskönnun með starfsemi héraðsskjalasafns, þátttöku héraðsskjalasafnanna í sameiginlegu skráningarviðmóti opinberra skjalasafna, eftirlitsheimsóknir opinberra skjalasafna, fræðslu- og kynningarmál svo eitthvað sé nefnt. Samráðshópur Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna sem í sitja þrír héraðsskjalaverðir, þau Hrafn Sveinbjarnarson, Jóna Símonía Bjarnadóttir og Þorsteinn Tryggvi Músson komu að skipulagi og dagskrá ráðstefnunnar ásamt starfsmönnum Þjóðskjalasafns Íslands.

26. maí sóttu starfsmenn fund um ábyrgð stjórnarsýslunnar – nútíma skjala- og gagnavarsla á Þjóðskjalasafni Íslands þar sem starfsmenn danska ríkisskjalasafnsins fjölluðu um langtíma vörslu rafrænna skjala hins opinbera og þá áskorun sem felst í því að gera rafræn skjöl aðgengileg. Þetta er enn sem komið er bæði stórt, tæknilega flókið og mjög kostnaðarsamt verkefni.

Þann 22. júní stóð Héraðsskjalasafn Árnesinga fyrir málstofu um ljósmyndun, litgreiningu og afritun á skjölum í húsnæði Héraðsskjalasafns Kópavogs. Sigurður Gunnarsson ljósmyndari á Listasafni Íslands fór yfir vinnuferla við ljósmyndun skjala og það sem helst bera að hafa í huga þegar verið er að taka ljósmyndir af skjölum. Starfsmenn átta héraðsskjalasafna tóku þátt í málstofunni.

Sjötta ráðstefna Félags héraðsskjalavarda var haldin í Mosfellsbæ 6.-7. október. Dagskrá ráðstefnunnar var óvenju fjölbreytt en leitast var við að tengja erindi við ákveðin þemu sem snerta starfsemi héraðsskjalasafnanna. Fyrri daginn fjallaði Þorsteinn Tryggvi um skjalavistunaráætlun Héraðsskjalasafns Árnesinga undir

Rekstraryfirlit Héraðsskjalasafns Árnesinga 2016

Rekstrartekjur safnsins voru 34.726.411 kr. en rekstrargjöld auk stofnbúnaðar 36.489.180 kr. Tap fyrir fjármagnsliði er 1.762.769 kr. Fjármagnsliðir samtals 166.705 kr. Tap ársins er 1.596.064 kr.

	2016 SKJALASAFN	2016 ÁÆTLUN	2015 SKJALASAFN
<i>Rekstrartekjur:</i>			
HÉRAÐSNEFND ÁRNESINGA	22.665.000	22.665.000	19.800.000
SV. ÁRBORG, STYRKUR	1.350.000	1.350.000	2.700.000
RÍKISSJÓÐUR ÍSLANDS LJÓSM.			5.000.000
FYRIRF. INNB. TEKJUR LJÓSM.		1.250.000	
AÐRAR TEKJUR	10.711.411	2.650.000	4.217.289
SAMTALS	34.726.411	27.915.000	31.717.289
<i>Rekstrargjöld:</i>			
LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD	24.423.922	22.004.000	25.289.419
ANNAR REKSTRARKOSTN.	11.510.738	5.842.582	5.084.882
AFSKRIFTIR	554.520	0	60.695
SAMTALS	36.489.180	27.846.582	30.434.996
AFKOMA FYRIR FJÁRMUNATEKJUR			
OG FJÁRMAGNSGJÖLD	(1.762.769)	68.418	1.282.293
<i>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</i>			
VAXTATEKJUR OG VERÐBÆTUR	211.151	0	624.722
VAXTAGJÖLD	(44.446)	0	(21.676)
SAMTALS	166.705	0	603.046
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS	(1.596.064)	68.418	1.885.339

Skjöl afhent Héraðsskjalasafni Árnesinga 2016

Starfsmenn
héraðsskjalasafna
á ráðstefnu Félags
héraðsskjalavarda á
Íslandi sem haldin
var í Mosfellsbæ.



þemanu þekkingarmiðlun. Sævar Logi greindi frá rafrænni könnun á skjalavörslu skilaskyldra aðila í Árnessýslu undir þemanu eftirlit með skilaskyldum aðilum. Snorri Guðjón Sigurðsson sagði frá gerð öryggisáætlunar fyrir Héraðsskjalasafn Þingeyinga og rétt var um stofnun samstarfshóps um gerð öryggisáætlana. Þá var fjallað um þjónustu og miðlun og þau tækifæri sem skjalasöfnin hafa til að gera sig sýnilegri þar sem Hrafn Sveinbjarnarson og Þorsteinn Tryggvi kynntu nýja heimasíðu Félags héraðsskjalavarda. Þá var boðað til aðalfundar félagsins þar sem umboð stjórnar félagsins var endurnýjað. Stjórn félagsins er óbreytt en hana skipa: Birna Mjöll Sigurðardóttir héraðsskjalavörður Mosfellsbæjar, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir héraðsskjalavörður Akraness, Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður Kópavogs, Snorri Guðjón Sigurðsson, héraðsskjalavörður Þingeyinga, Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður og Þorsteinn Tryggvi Másson. Þátttakendum var síðan boðið í móttöku í boði Mosfellsbæjar í bókasafni bæjarins.

Seinni daginn flutti Þorsteinn Tryggvi erindi um upplýsingagjöf til skjalamyndara og Svanhildur Bogadóttir fjallaði um stöðu langtímavarðveislu rafrænna skjala á landsvísi. Margrét Karen Sigurðardóttir forvörður fór yfir ýmsa þætti forvörslu sem nýtast starfsmönnum héraðsskjalasafnanna, rétt var um stöðu miðlunarverkefna, samstarf héraðsskjalasafna og sagnfræðinga þar sem Hrafnkell Lárusson sagnfræðingur og fyrrverandi héraðsskjalavörður var frummælandi. Vibeke Þorbjörnsdóttir á fjölskyldusviði Mosfellsbæjar fjallaði síðan um skjalamál búsetukjarna fatlaðra og Hrafn Sveinbjarnarson um handbókasöfn héraðsskjalasafna. Héraðsskjalasafni Mosfellsbæjar og Birnu Mjöll Sigurðardóttur héraðsskjalavörður eru færðar bestu þakkir fyrir vel heppnaða ráðstefnu og gestrisnina.

- 2016/1 TÓMAS JÓNSSON (26.1.1933), LJÓSMYNDIR. 0,06 hillumetrar – Tómas Jónsson afhenti.
- 2016/2 GUÐRÚN HULDA BRYNJÓLFSDÓTTIR (25.9.1931-1.3.2015) OG ÁRNI SIGURSTEINSSON (20.1.1929). 1,95 hillumetrar – Gunnar Þór Árnason afhenti.
- 2016/3 RANAKOT Á STOKKSEYRI. 0,10 hillumetrar – Hinrik Bjarnason og Sigurður Bjarnason afhentu.
- 2016/4 VILLINGAVATN Í GRAFNINGI. 0,03 hillumetrar – Hinrik Bjarnason og Sigurður Bjarnason afhentu.
- 2016/5 UNGMENNAFÉLAGIÐ SAMHYGD. 0,03 hillumetrar – Helgi Stefánsson í Vorsabæ afhenti.
- 2016/6 KAUPFÉLAGIÐ HÖFN, LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetrar – Þóra Björg Ögmundsdóttir afhenti.
- 2016/7 GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPUR. 12,10 hillumetrar – Ingibjörg Harðardóttir sveitarstjóri GOGG afhenti.
- 2016/8 GRÍMSNESHREPPUR. 0,42 hillumetrar – Ingibjörg Harðardóttir sveitarstjóri GOGG afhenti.
- 2016/9 GRAFNINGSHREPPUR. 0,06 hillumetrar – Ingibjörg Harðardóttir sveitarstjóri GOGG afhenti.
- 2016/10 RANNVEIG EIRÍKSDÓTTIR (5.10.1931-25.2.2008). 0,01 hillumetrar – Bárður Einarsson afhenti.
- 2016/11 HELGA LIJJA ÞÓRDARDÓTTIR (2.11.1920-7.1.2013). 0,08 hillumetrar – Eygló Jóna Gunnarsdóttir afhenti.
- 2016/12 SIGURÐUR EINARSSON (29.2.1908-27.2.1988). 0,01 hillumetrar – Örlygur Sigurðsson, Bólstað afhenti.
- 2016/13 ÁRNI SVERRIR ERLINGSSON (3.7.1935), TRYGGVASKÁLI. 0,03 hillumetrar – Árni Sverrir Erlingsson afhenti.
- 2016/14 HALLDÓR BJARNASON (13.9.1822-1908), HRÓARSHOLTI. 0,03 hillumetrar – Árni Sverrir Erlingsson afhenti.
- 2016/15 LITLI-BERGÞÓR. 0,30 hillumetrar – Svava Theodórsdóttir, Höfða afhenti.
- 2016/16 SKÚLI GUÐJÓNSSON (26.2.1929-30.11.2015) OG ÁSRÚN MAGNÚSDÓTTIR (23.12.1934-26.11.2005). 0,50 hillumetrar – Aðalbjörg Skúladóttir afhenti.
- 2016/17 KARL EIRÍKSSON (9.6.1916-1.7.2014). 0,05 hillumetrar – Sigurður Karlsson afhenti.
- 2016/18 GUÐFINNA HANNESDÓTTIR (28.12.1906-15.1.2008). 0,03 hillumetrar – Byggðasafn Árnesinga, Lýður Pálsson forstöðumaður afhenti.
- 2016/19 JÓN VALGEIR ÓLAFSSON (22.1.1915-3.12.2003) OG GUÐRÚN BJARNFINNSDÓTTIR (1.5.1923-29.1.1989), BÚÐARSTÍG Á EYRARBAKKA, LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetrar – Byggðasafn Árnesinga, Lýður Pálsson forstöðumaður afhenti.
- 2016/20 GUÐRÚN ÁRNY GUÐMUNDSDÓTTIR (27.2.1920-23.11.1965). 0,03 hillumetrar – Guðmundur Kristinn Sæmundsson, aðjúntur við íþróttaskor HÍ á Laugarvatni afhenti.
- 2016/21 MAGNÚS BÖÐVARSSON (18.6.1902-12.11.1971), HREPPSTJÓRI Á LAUGARVATNI. 0,15 hillumetrar – Aðalbjörg Skúladóttir afhenti.
- 2016/22 HINRIK ÓLAFSSON (1.9.1929-2.2.2011), BAUGSSTÖÐUM. 0,40 hillumetrar – Jónína Sigurjónsdóttir afhenti.
- 2016/23 SHOTOKAN KARATEDEILD UMF. SELFOSS. 0,03 hillumetrar – Bárður Árnason afhenti.
- 2016/24 LAUGARDALSHREPPUR. 4,20 hillumetrar – Bláskógabyggð, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri afhenti.
- 2016/25 BRUNABÓTASJÓÐUR ÍSLANDS, STOKKSEYRARHREPPSUMBOÐ. 0,20 hillumetrar – Gyða Guðmundsdóttir, Holti II afhenti.
- 2016/26 HVERAGERÐISBÆR. 0,03 hillumetrar – Hveragerðisbær, Helga Kristjánsdóttir skrifstofustjóri afhenti.
- 2016/27 HÓLMFRÍÐUR ÁRNADÓTTIR, TALMEINAFRÆÐINGUR. 0,32 hillumetrar – Hólmfríður Árnadóttir talmeinafræðingur afhenti.
- 2016/28 LEIKFÉLAG SELFOSS. 0,03 hillumetrar – Katrín Karlsdóttir afhenti.
- 2016/29 LÖGMENN SUÐURLANDS, ÓLAFUR BJÖRNSSON HRL, ÖBYGGÐAMÁL. 0,60 hillumetrar – Lögmenn Suðurlands, Ólafur Björnsson hrl. afhenti.
- 2016/30 BLESASTADIR Á SKEIÐUM. 0,03 hillumetrar – Sigriður Kristjánsdóttir afhenti.
- 2016/31 BÓKASAFN ÁRBORGAR, STOKKSEYRI. 0,15 hillumetrar – Bókasafn Árborgar, Stokkseyri, Hafdís Sigurjónsdóttir bókaforvörður afhenti.

- 2016/32 SIGURÐUR HERMANNSSON (13.6.1943), GERÐAKOTI. 1,35 hillumetrar – Sigurður Hermannsson, Gerðakoti afhenti.
- 2016/33 BÖÐVAR STEFÁNSSON (2.1.1924-27.4.2015). 0,15 hillumetrar – Einar Þór Stefánsson afhenti.
- 2016/34 IÐNARMANNAÆLAG RANGÆINGA. 1,25 hillumetrar – Ármann Ægir Magnússon afhenti.
- 2016/35 AXEL HELGASON (23.9.1909-13.4.2001), MÓDELSMIÐUR. 0,03 hillumetrar – Ólafur Axelsson afhenti.
- 2016/36 SAMBAND GARÐYRKJUBÆNDA. 2,70 hillumetrar – Samband Garðyrkjubænda. Katrín María Andrésdóttir framkvæmdastjóri afhenti.
- 2016/37 EIRÍKUR BJARNASON (7.12.1909-11.12.1981), BÓLI. 0,03 hillumetrar – Ólavía Vilhjálmisdóttir afhenti.
- 2016/38 SIGURÐUR STEINDÓRSSON (5.2.1888-16.7.1973), HJALLA. 0,16 hillumetrar – Ólafur Haraldsson, Svíþjóð afhenti.
- 2016/39 GUÐMUNDUR GUÐMUNDSON (3.10.1898-10.5.1982), EFRI-BRÚ. 0,25 hillumetrar – Steinunn Anna Guðmundsdóttir og Guðmundur Guðmundsson frá Efri-Brú afhentu.
- 2016/40 ÞÓRÐUR ÞJÖRGVIN ÞÓRÐARSON (14.3.1910-2.12.2001), ÖLFUSVATNI. 0,10 hillumetrar – Sigurbjört Þórðardóttir afhenti.
- 2016/41 PÁLL LYÐSSON (7.10.1936 – 8.4.2008), LITLU-SANDVÍK. 0,03 hillumetrar – Lýður Pálsson afhenti.
- 2016/42 LEIKSKÓLINN JÖTUNHEIMAR. 1,60 hillumetrar – Leikskólinn Jötunheimar, Júlíana Tyrfringsdóttir leikskólastjóri afhenti.
- 2016/43 BJARNI BJARNASON (23.10.1889-2.8.1970). 0,03 hillumetrar – Þorbjörg Vilhjálmisdóttir afhenti.
- 2016/44 SKÓLA- OG VELFERÐARÞJÓNUSTA ÁRNESÞINGS. 0,06 hillumetrar – Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings, Hrafnhildur Karlsdóttir teymisstjóri afhenti.
- 2016/45 MARÍA EIRÍKSDÓTTIR (22.12.1875-27.4.1969), BÓLI. 0,03 hillumetrar – Ólavía Vilhjálmisdóttir afhenti.
- 2016/46 GUÐJÓN SIGFÚSSON (14.2.1912-25.12.1998). 0,03 hillumetrar – Guðbjörg Guðjónsdóttir afhenti.
- 2016/47 LÖGMENN SUÐURLANDS, ÓLAFUR BJÖRNSSON HRL, MÁLSSKJÖL. 0,12 hillumetrar – Lögmenn Suðurlands.
- 2016/48 ÓLAFUR GUÐJÓNSSON (19.8.1910-22.7.1986), MUNDAKOTI. 0,08 hillumetrar – Guðjón Axelsson afhenti.
- 2016/49 AXEL ÞÓRÐARSON (21.12.1904-20.1.1995), KADLASTÖÐUM. 0,03 hillumetrar – Guðjón Axelsson afhenti.
- 2016/50 SÓKNARNEFND HAUKADALSSÓKNAR. 0,08 hillumetrar – Sóknarnefnd Haukadalssóknar, Þórey Jónsdóttir gjaldkeri afhenti.
- 2016/51 FÉLAGSÞJÓNUSTA ÁRBORGAR. 2,80 hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg, félagsmálasvið afhenti.
- 2016/52 LJÓSAFOSSKÓLI. 7,05 hillumetrar – Grímsnes- og Grafningshreppur, Ingibjörg Harðardóttir sveitarstjóri afhenti.
- 2016/53 LEIKSKÓLINN ÁLFHEIMAR. 1,90 hillumetrar – Leikskólinn Álfheimar, Ingibjörg Stefánsdóttir leikskólastjóri afhenti.
- 2016/54 FÉLAGSÞJÓNUSTA ÁRBORGAR. 1,70 hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg, Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir félagsmálastjóri afhenti.
- 2016/55 HELGA JÓNSDÓTTIR (20.9.1883-30.9.1968). 0,06 hillumetrar – Helga Jónsdóttir afhenti.
- 2016/56 HALLDÓRA GUÐMUNDSDÓTTIR (26.2.1891-22.9.1990), MIBENGL. 0,25 hillumetrar – Valgerður Kristinsdóttir afhenti.
- 2016/57 GRUNNSKÓLINN Í HVERAGERÐI. 0,35 hillumetrar – Grunnskólinn í Hveragerði, Heimir Eyvindarson deildarstjóri sérkennslu afhenti.
- 2016/58 RAFVEITUNEFND SELFOSS. 0,06 hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg, Signý Harpa Hjartardóttir skjalastjóri afhenti.
- 2016/59 HITAVEITA SELFOSS. 0,45 hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg, Signý Harpa Hjartardóttir skjalastjóri afhenti.
- 2016/60 RAFVEITA SELFOSS. 0,15 hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg, Signý Harpa Hjartardóttir skjalastjóri afhenti.
- 2016/61 SELFOSSVEITUR. 0,95 hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg, Signý Harpa Hjartardóttir skjalastjóri afhenti.
- 2016/62 STJÓRN SELFOSSVEITNA. 0,30 hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg, Signý Harpa Hjartardóttir skjalastjóri afhenti.
- 2016/63 VATNSVEITA SELFOSS. 0,08 hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg, Signý Harpa Hjartardóttir skjalastjóri afhenti.
- 2016/64 SÍMON JÓNSSON (7.5.1864-24.9.1937), SEFLOSSI. 0,06 hillumetrar – Gunnar Gunnarsson, Selfossi I afhenti.

- 2016/65 UNGMENNAFÉLAGIÐ SKARPHÉDINN, ÖLFUSI. 0,03 hillumetrar – Magnús Hannesson afhenti.
- 2016/66 FÉLAGSHEIMILIÐ ÞJÓRSÁRVER. 0,08 hillumetrar – Flóahreppur, Guðrún Elísa Gunnarsdóttir afhenti.
- 2016/67 GUÐMUNDUR GUÐMUNDSON (3.10.1898-10.5.1982), EFRI-BRÚ. 0,20 hillumetrar – Guðmundur Guðmundsson frá Efri-Brú afhenti.
- 2016/68 BÚNADARFÉLAG GRÍMSNESHREPPS. 0,06 hillumetrar – Guðmundur Guðmundsson frá Efri-Brú afhenti.
- 2016/69 GRÍMSNESDEILDIR KÁ OG MBF. 0,03 hillumetrar – Guðmundur Guðmundsson frá Efri-Brú afhenti.
- 2016/70 RÆKTUNARSAMBANDIÐ KETILBJÖRN. 0,06 hillumetrar – Guðmundur Guðmundsson frá Efri-Brú afhenti.
- 2016/71 BIFREIÐASTJÓRAFÉLAGIÐ ÖKUPÓR. 0,03 hillumetrar – Eiríkur Þór Sigurjónsson afhenti.
- 2016/72 KRISTJÁN GUÐMUNDSSON ÁR 15. 0,03 hillumetrar – Byggðasafn Árnesinga, Lýður Pálsson forstöðumaður afhenti.
- 2016/73 EINAR GÍSLASON (14.6.1877-30.5.1949) OG HARALDUR EINARSSON (21.1.1920-28.4.1985). 0,08 hillumetrar – Lilja Böðvarsdóttir, Urriðafossi afhenti.
- 2016/74 ODDUR ODDSSON (13.6.1867-22.9.1938) OG HELGA MAGNÚSDÓTTIR (2.10.1867-7.3.1949). 0,06 hillumetrar – Byggðasafn Árnesinga, Lýður Pálsson forstöðumaður afhenti.
- 2016/75 BJÖRN KE 95. 0,03 hillumetrar – Byggðasafn Árnesinga, Lýður Pálsson forstöðumaður afhenti.
- 2016/76 HRADFYSTISTÖÐ EYRABAKKA. 0,03 hillumetrar – Byggðasafn Árnesinga, Lýður Pálsson forstöðumaður afhenti.
- 2016/77 ÓLAFUR SIGURÐSSON (7.11.1879-6.4.1951), STAD. 0,06 hillumetrar – Byggðasafn Árnesinga, Lýður Pálsson forstöðumaður afhenti.
- 2016/78 GUNNAR BJARNASON (18.4.1905-27.2.1975) OG KRISTÍN BJARNADÓTTIR (16.10.1896-23.11.1983). 0,03 hillumetrar – Byggðasafn Árnesinga, Lýður Pálsson forstöðumaður afhenti.
- 2016/79 JÓHANN SIGURÐSSON (7.12.1886-14.2.1935), NÚPUM. 0,06 hillumetrar – Þorsteinn Hjartarson, Laugaskarði afhenti.
- 2016/80 HJÖRTUR JÓHANNSSON (12.11.1925-21.7.1985), LAUGASKARÐI. 0,03 hillumetrar – Þorsteinn Hjartarson, Laugaskarði afhenti.
- 2016/81 SUNDLAUGIN LAUGASKARÐI. 0,06 hillumetrar – Þorsteinn Hjartarson, Laugaskarði afhenti.
- 2016/82 KVENFÉLAG BISKUPSTUNGNA. 0,15 hillumetrar – Svava Theodórsdóttir, Höfða afhenti.
- 2016/83 KVENNAKLÚBBUR KARLAKÓRS SELFOSS. 0,06 hillumetrar – Guðrún Tryggvadóttir afhenti.
- 2016/84 IÐNSKÓLINN Á SELFOSSI. 0,90 hillumetrar – Fjölbrotaskóli Suðurlands, Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir afhenti.
- 2016/85 HERMANN EYJÓLFSSON (1.7.1893-17.3.1973), GERÐAKOTI. 0,40 hillumetrar – Sigurður Hermannsson Gerðakoti afhenti.
- 2016/86 HREPPSTJÓRINN Í ÖLFUSHREPPI. 0,03 hillumetrar – Sigurður Hermannsson Gerðakoti afhenti.
- 2016/87 BARNASKÓLI ÖLFUSSKÓLAHVERFIS. 0,06 hillumetrar – Sigurður Hermannsson Gerðakoti afhenti.
- 2016/88 SKATTANEFND ÖLFUSHREPPS. 0,03 hillumetrar – Sigurður Hermannsson Gerðakoti afhenti.
- 2016/89 BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS, ÖLFUSUMBOD. 0,06 hillumetrar – Sigurður Hermannsson Gerðakoti afhenti.
- 2016/90 UNGMENNAFÉLAGIÐ SKARPHÉDINN ÖLFUSI. 0,03 hillumetrar – Sigurður Hermannsson Gerðakoti afhenti.
- 2016/91 FRAMFÆRSLU- OG ÁVEITUFÉLAG ÖLFUSINGA. 0,03 hillumetrar – Sigurður Hermannsson Gerðakoti afhenti.
- 2016/92 HVATARBLADIÐ. 0,03 hillumetrar – Ungmennafélagið Hvöt, Grímsnesi.
- 2016/93 FRÉTTABRÉF SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS. 0,03 hillumetrar – Skeiða- og Gnúpverjahreppur afhenti.
- 2016/94 ÁVEITAN. 0,03 hillumetrar – Ungmennafélagið Þjótandi afhenti.
- 2016/95 BLÁSKÓGABYGGÐ AFHENTI.
- 2016/96 PÉSI - FRÉTTABRÉF HRUNAMANNAHREPPS. 0,03 hillumetrar – Hrunamannahreppur afhenti.
- 2016/97 LJÓSMYNDASTOFA SUÐURLANDS. 5,8 hillumetrar – Lýður Geir Guðmundsson ljósmyndari afhenti.



HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA

myndasetur.is • heradsskjalasafn@heradsskjalasafn.is
Austurvegi 2 • 800 • Sími 482 1259 • Kennitala 630189-2849

Afgreiðslutími: Mánudaga til föstudaga kl. 10:00 – 16:00
Miðvikudaga lokað

Stjórn safnsins

Sveinn S. Steinarsson, stjórnarformaður
Kjartan Björnsson, varaformaður
Svanhvít Hermannsdóttir, ritari

Starfsmenn skjalasafnsins

Posteinn Tryggvi Másson, héraðsskjalavörður
thorsteinn@heradsskjalasafn.is
Sævar Logi Ólafsson, skjalavörður
saevar@heradsskjalasafn.is
Guðmunda Ólafsdóttir, skjalavörður
gudmunda@heradsskjalasafn.is
Jóhann Ólafur Sigurðsson, sérverkefni
myndasetur@heradsskjalasafn.is